


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Framkvæmdir og vinnuvernd		
FRVV1SR03		
Námsáætlun haustönn 2016		

Kennari	Kristján Davíðsson	Sk.st.	KRD
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á reglugerðir, verkferli og öryggismál. Nemandinn lærir um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringakerfi. Kennd er notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Nemandinn fær kynningu á grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar og lærir um öryggismál á vinnustað. Einnig er nemandanum gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi.

Markmið:

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:


- grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar og öryggismálum á vinnustað
- gerð og notkun algengasta hjálparbúnaðar í byggingariðnaði
- varúðarráðstöfunum í óloknum byggingum og mannvirkjum
- hefðbundnu byggingaferli frá hugmynd til lokaúttektar
- grundvallaratriðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál
- stíl- og fagurfræði bygginga og mannvirkja
- grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags
- réttindum og skyldum iðnaðarmanna
- námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota rétta líkamsbeitingu og viðeigandi hlífðarbúnað í starfi
- velja og nota viðeigandi hjálparbúnað
- leita upplýsinga í reglugerðum um skipulags- og byggingamál
- leita upplýsinga í reglugerðum um öryggi og vinnuvernd
- vinna eftir mismunandi verkferlum

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgja reglum um öryggismál á vinnustað
- vera meðvitaður um eigin ábyrgð og skyldur
- vinna samkvæmt byggingareglugerð
- fylgja gæðastýringu/eftirliti
- nota viðeigandi hlífðarbúnað

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Framkvæmdir og vinnuvernd	
	FRVV1SR03	
	Námsáætlun haustönn 2016	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	
33	Kynning námsefnis	
34 - 40	Mannvirkjagerð	
40	Miðannarpróf úr fyrri hluta námsefnis	
41 - 44	Vinnuvernd. Byggingavinnustaðir og öryggismál	
45 - 46	Gæðastjórnun	
46	Tímapróf úr síðari hluta námsefnis	
47 - 48	Námsleiðir að loknu grunnnámi og upprifjun	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Bækur	Framkvæmdir og vinnuvernd eftir Eyjólf Bjarnason, IÐNÚ 2004 Vinnuvernd eftir Eyþór Víðisson, IÐNÚ 2014
Myndbönd	Tengd námsefni – vinnuvernd, húsgerð o.fl.
Verkefni	Verkefni tengd húsagerð, skipulagi og öryggismálum á byggingasvæðum
Annað	Leiðbeiningar fyrir húsbyggjendur á Akureyri Gestafyrirlestrar um eldvarnir og vinnuvernd


Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat byggist á verkefnavinnu, kaflaprófum og lokaprófi.

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Kaflapróf	Byggingarreglugerð	15%	
Kaflapróf	Öryggismál á byggingarstað/verkstæði	15%	
Verkefni	Byggingavinnustöur og öryggi	5%	
Verkefni	Húsagerð	5%	
Lokapróf	Úr öllu námsefninu	60%	
	Samtals	100%	

Dagsetning: 18/8 '16


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils